

68. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 22. nóvember 2022, kl. 13:00 í húsnæði Menntaskólans á Tröllaskaga.

Mættir: Dóróþea Reimarsdóttir, Bjarney Sigurðardóttir, Ketill Sigurður Jólsson, Íris Hauksdóttir, Katrín Freysdóttir, Jón Kort Ólafsson, S. Guðrún Hauksdóttir, Lárus Ingi Baldursson fulltrúi nemenda, Diljá Helgadóttir fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá

1. Móttaka nýrrar skólanefndar

Skólameistari kynnti skólann fyrir nýrri skólanefnd og sýndi húsið. Boðaðir voru aðal- og varafulltrúar. Diljá Helgadóttir kynnti erlenda verkefnið Mat og menningu og annað samstarf. Unnur Hafstað og Karólína Baldvinsdóttir kynntu umhverfisverkefni og græn skref. Lárus Ingi kynnti nemendafélagið Trölla og félagslíf nemenda. Inga Eiríksdóttir sýndi kynningarmyndband um skólann og kynnti Via nostra, fræðslufyrirtæki kennara.

2. Kjör formanns skólanefndar

Skólameistari fór yfir hlutverk skólanefndar. Tillaga kom um að S. Guðrún Hauksdóttir yrði formaður og Dóróþea Reimarsdóttir varaformaður. Samþykkt.

3. Fundir vetrarins

Formaður tók við fundarstjórn. Skólameistari fór yfir hvernig tilhögun skólanefndarfunda hefur verið. Fundir hafa verið annan hvern mánuð á þriðja þriðjudegi kl. 13:00. Samþykkt að halda því fyrirkomulagi og fundir vetrarins dagsettir. Fundirnir verða á fjarfundaformi nema að vori og hausti.

4. Dagskrá skólanefndarfunda

Skólameistari fór yfir skipulag og dagskrá skólanefndarfunda.

5. Starfa- og fjárhagsáætlun, rekstrarstaða

Inga Eiríksdóttir fjármálastjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár ásamt útkomuspá fyrir 2022. Skólameistari gerði grein fyrir hvernig fjárframlögum er háttað. Umræður um nemendafjölda og stærð skólans.

6. Starfsmannamál

Skólameistari kynnti breytingar á starfsmannahaldi. Spænskukennari skólans, Bryndís Stefánsdóttir, fer í fæðingarorlof á vorönn. Bjarney Lea Guðmundsdóttir og Ida Semey munu leysa hana af.

7. Skólanámskrá afgangi að loknum skólafundi

Á skólafundi í september fóru nemendur yfir breytingar sem gerðar hafa verið á kennslufyrirkomulagi og stundatöflum. Komu þeir með ábendingar sem hafa verið til umræðu meðal kennara og stjórnenda og verður tekið tillit til þeirra við skipulag næstu annar.

8. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:12.